

Tillaga um sameiginlega hagsmunagæslu í málefnum fiskeldis á Vestfjörðum

Framkvæmdastjórar fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum og Vestfjarðastofa telja brýnt að unnið verði sameiginlega að hagsmunagæslu í málefnum fiskeldis á Vestfjörðum.

Upphaf þeirrar hagsmunagæslu felst í að hefja vinnu við gerð samfélagssáttmála um fiskeldi á Vestfjörðum. Samfélagssáttmáli inniheldur þá hagsmuni sem sveitarfélög hafa af fiskeldi í dag og til framtíðar. Um er að ræða hagsmuni eins og t.d. að tryggja eðlilega hlutdeild sveitarfélaganna í þeirri opinberu gjaldtöku sem innheimt er af fiskeldisstarfsemi, uppbygging innviða, samfélagsleg ábyrgð og umhverfissjónarmið.

Sveitarfélagið staðfesti vilja sinn til að vinna saman að slíkum sáttmála og felur framkvæmdastjóra til að leiða slíka vinnu fyrir hönd sveitarfélagsins.

Minnisblað:

Þann 25. febrúar 2021 var haldinn fundur á Ísafirði með fulltrúum Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar, Súðavíkurrepps og Strandabyggðar. Þessi sveitarfélög eiga aðliggjandi strandlínu að svæðum, þar sem laxeldi í sjókvíum er stundað eða áform eru um slíkt á Vestfjörðum.

Á fundinum kynnti Guðrún Anna Finnbogadóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu vinnu við framtíðarsýn í fiskeldismálum á Vestfjörðum og Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að sameiginlegu verkefni sveitarfélaga og Vestfjarðastofu um sameiginlega hagsmunagæslu.

Mikilvægt er að sveitarfélögin á Vestfjörðum leiði þá vinnu sem fram undan er og skapi vettvang milli sveitarfélaga og fyrirtækja og myndi þannig sameinað afl til að ná fram nauðsynlegum breytingum er tengjast uppbyggingu fiskeldis á Íslandi.

Verkefnið hefur verið skilgreint sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða árið 2021 að því gefnu að sveitarfélögin samþykki ofangreinda vinnu. Þannig hafa fyrstu skref verkefnisins verið fjármögnuð nú þegar. Heildarumfang verkefnisins verður mótað af starfshópnum ásamt starfsmönnum Vestfjarðastofu.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga funduðu aftur þann 9. mars til að halda áfram undibúningi að verkefninu. Niðurstaða þess fundar var að lögð yrði tillaga fyrir sveitarstjórnir um sameiginlega hagsmunagæslu í málefnum fiskeldis á Vestfjörðum.

Ísafirði 09.03.2021

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu